

REGLUGERÐ

213

23. des.

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 1% af fasteignamatsverði hússins.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn veitt úr Vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður Vatnsveitan þá skattinn.

2. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt samkvæmt 1. mgr. skal innheimta samkvæmt mæli með 40 aura verði fyrir hvern teningsmetra.

Nú er vatn notað, án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, og skal Vatnsveitan þá ákveða aukavatnsskattinn, eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun Vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali Vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

3. gr.

Hafnarstjórn ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni.

Bæjarráð ákveður endurgjald fyrir vatnið frá hafnarsjóði til Vatnsveitunnar, þó ekki undir 50 aorum fyrir hvern teningsmetra.

4. gr.

Nú er vatni úr Vatnsveitu Reykjavíkur veitt í hús, eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkv. því, er í reglugerð þessari segir.

Ef vatninu er veitt um vatnsæðar vatnsveitufélags utan Reykjavíkur, skal ákveða vatnsskattinn til Vatnsveitu Reykjavíkur með samkomulagi aðila, eða eftir mati.

5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum Vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

6. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

213 23. des. Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1948.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, nr. 109 26. október 1936.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

214
29. des.

AUGLÝSING

um frestun á innköllun skiptimyntar og krónuseðla.

Sökum ófyrirsjáanlegs dráttar á afgreiðslu skiptimyntar frá Englandi tilkynnist hér með, að innköllun á sleginni mynt og krónuseðlum er frestað um óákveðinn tíma.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1947.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Kjartan Ragnars.

215
27. des.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Í bæjarstjórn sitja níu kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarstjóri, sem aukamaður, sé hann ekki kjörinn í bæjarstjórn. Varabæjarfulltrúar taka sæti í bæjarstjórninni og nefndum hennar samkvæmt gildandi reglum.

2. gr.

Einstökum málefnum kaupstaðarins stjórnar bæjarráð og fastar nefndir, er bæjarstjórnin kýs, með þeim takmörkunum, er síðar greinir.

Þessar nefndir eru:

1. Byggingarnefnd.
2. Hafnarnefnd.
3. Fræðsluráð.
4. Framfærslunefnd.
5. Rafveitustjórn.
6. Kjörskrárnefnd.
7. Niðurjöfnunarnefnd.
8. Heilbrigðis- og sóttvarnarnefnd.
9. Sundhallarstjórn.
10. Menningarráð.